



MS ritgerð

Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti

Hafa tengsl áhrif á búsetu?

Rannsókn á fylgni tengsla við skuldbindingu og félagsvirkni aðfluttra íbúa

Lára Hrönn Hlynsdóttir

Auður Hermannsdóttir, aðjúnkt og Þórarinn Hjálmarsson, aðjúnkt

Viðskiptafræðideild

Október 2017



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Hafa tengsl áhrif á búsetu?
Rannsókn á fylgni tengsla við skuldbindingu og félagsvirkni
aðfluttra íbúa

Lára Hrönn Hlynsdóttir

Lokaverkefni til MS-gráðu í viðskiptafræði

Leiðbeinendur: Auður Hermannsdóttir og Þórarinn Hjálmarsson

Viðskiptafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Október 2017

Hafa tengsl áhrif á búsetu? Rannsókn á fylgni tengsla við skuldbindingu og félagsvirkni aðfluttra íbúa

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til MS prófs við Viðskiptafræðideild, Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.

© 2017 Lára Hrönn Hlynsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: IÐNÚ
Reykjavík, 2017

Formáli

Rannsókn þessi er 30 eininga lokaverkefni mitt í Markaðsfræði og alþjóðviðskiptum við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Ég vil þakka leiðbeinendum mínum, Auði Hermannsdóttur og Þórarni Hjálmarssyni, innilega fyrir alla leiðsögnina, allt spjallið, allan hláturinn og alla kaffibollana. Eiginmaður minn, Valur Árni Guðmundsson, þakka ég fyrir að hafa að stutt við bakið á mér og sýnt mér skilning á meðan ferlinu stóð. Vinkonum mínum, Dýrfinnu Guðmundsdóttur og Sigríði Sóley Sveinsdóttur, vil ég þakka fyrir faglega yfirferð og góð ráð. Sérstakar þakkir fær systir mín, Eva Marín, fyrir að hafa alltaf gefið sér tíma til að aðstoða mig, beina mér á rétta braut og gera grín að mér þegar ég þurfti á því að halda.

Útdráttur

Landbyggðin hefur lengi vel átt við neikvæða íbúapróun að stríða. Brottfluttir eru umfram aðflutta, unga fólkið flytur í burtu og kemur ekki aftur. Erlendar rannsóknir, rétt eins og íslenskar, hafa einkum beint sjónum að því af hverju fólk flytur í burtu en minna er kannað hvers vegna það er um kyrrt á ákveðnum svæðum. Efnahagslegar þrengingar og húsnæðisvandi er það sem ber á góma þegar leitað er eftir ástæðum vandans og hefur lausnin verið sú að aukið fjármagn þurfi að setja í hin margvíslegu málefni sveitarfélaganna. Hins vegar er ekkert lát á fólksflóttu af landsbyggðinni. Það gefur því auga leið að tími sé kominn til að leita á ný mið.

Rannsóknin snýr að tengslum, skuldbindingu og félagsvirkni aðfluttra íbúa. Tengsl eru skilgreind sem þau fjölskyldu- og vinatengsl sem íbúinn hefur innan sveitarfélagsins og auk þess telst fyrri búseta í sveitarfélaginu til tengsla. Skuldbinding þýðir að íbúar hafa trú á samfélaginu, vilja til að leggja sig fram í þágu þess og hafa sterka þrá til þess að vera hluti af samfélaginu. Einnig ef íbúarnir eru ólíklegir til að flytja burt úr sveitarfélaginu teljast þeir skuldbundnir. Félagsvirkni skiptist í tvennt. Annars vegar samfélagsleg virkni, þ.e. tíðni þátttöku í samfélagslegum athöfnum fyrir eða á vegum sveitarfélagsins og hins vegar félagslyndi, þ.e. tíðni félagssamskipta við ættingja, vini og samstarfsfélaga innan sveitarfélagsins.

Markmiðið var því að kanna hvort fylgni sé á milli tengsla aðfluttra íbúa og skuldbindingar, félagsvirkni og minnkandi líkur þess að flutt verði burt úr sveitarfélaginu. Spurningakönnun var lögð fyrir en um hentugleikaúrtak var að ræða þar sem könnunin var lögð fyrir á „Facebook“. Niðurstöður byggja á svörum frá 343 aðfluttum íbúum víðsvegar um landið.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að ef íbúar höfðu tengsl við sveitarfélagið fyrir flutning þá voru þeir félagsvirkari og íbúar sem voru í sambandi voru ólíklegri var í til þess að flytja burt úr sveitarfélaginu. Fylgni tengsla við skuldbindingu reyndist ekki marktæk. Tengsl eru þess vegna eitt af því sem hafa verður í huga í frekari búferlarannsóknum og einnig verða sveitarfélögin að leita að nýjum leiðum til að halda núverandi íbúum og laða til sín nýja.

Efnisyfirlit

Töfluskra.....	7
1 Inngangur.....	8
2 Rannsóknir á tengslum í samfélagi	11
2.1 Hvaða áhrif hafa tengsl á búsetu?	12
3 Rannsóknir á skuldbindingu við samfélag.....	15
4 Rannsóknir á félagsvirkni í samfélagi.....	19
5 Rannsóknaraðferð.....	21
5.1 Mælitæki	21
5.2 Framkvæmd	23
5.3 Þátttakendur	23
6 Niðurstöður.....	25
6.1 Tengsl.....	25
6.2 Skuldbinding.....	26
6.3 Félagsvirkni	27
6.4 Þáttgreining og samband tengsla við háðu breyturarnar	28
7 Umræða	31
7.1 Takmarkanir rannsóknarinnar	34
7.2 Frekari rannsóknir.....	35
Heimildaskrá.....	37
Viðauki – Spurningalisti.....	40

Töfluskrá

Tafla 1. Lýsandi tölfræði fyrir bakgrunn aðfluttra	24
Tafla 2. Lýsandi tölfræði fyrir tengsl	25
Tafla 3. Meðaltal, staðalfrávik og fjöldi svarenda fyrir skuldbindingu	26
Tafla 4. Meðaltal, staðalfrávik og fjöldi svarenda fyrir félagsvirkni	27
Tafla 5. Niðurstöður úr þáttgreiningu.....	29

1 Inngangur

Landsbyggðin, þá einkum dreifbýlið, hefur lengi barist við vandamál tengd íbúapróun (Árni Ragnarsson, Anna Lea Gestsdóttir, Einar Örn Hreinsson, Elín Gróa Karlsdóttir, Guðmundur Guðmundsson, Harpa Sif Jónsdóttir, ... Snorri Björn Sigurðsson, 2017). Í rannsókn Stefáns Ólafssonar frá árinu 1997 kom fram að íbúum í dreifbýli hafði fækkað til muna. Hagfræðistofnun gaf út skýrslu á sínum tíma um byggðir og búsetu og voru brottfluttir fleiri heldur en aðfluttir í öllum landssvæðum nema á höfuðborgarsvæðinu og nágrennasveitarfélögum (Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson, 2002). Sömu niðurstöður má síðan sjá í grein Vífils Karlssonar og Grétars Þórs Eyþórssonar (2009). Þykir þetta benda til að landsbyggðin, sérstaklega ákveðnir landshlutar, glími við langvarandi neikvæða búferlaflutninga íbúa sem enn hefur ekki fundist lausn á.

Erlendar rannsóknir er varða búferlaflutninga hafa einkum snúist um hvers vegna fólk flytur í burtu en minna hefur verið fjallað um ástæður þess að fólk er um kyrrt í sveitarfélaginu (Florida, 2014; Mellander, Florida og Stolarick, 2011). Það er að vissu leyti athyglisvert að svo mikil áhersla sé lögð á einstaklinga sem eru farnir í stað þess að hlúa að þeim íbúum sem eru til staðar. Svipuð áhersla hefur átt sér stað í íslenskum rannsóknum, þar hafa ástæður fyrir íbúaflóttu úr sveitarfélögum verið raktar til efnahagslegra þrenginga og ónógra búsetuúrræða (Stefán Ólafsson, 1997). Lausnirnar sem lagðar hafa verið til hafa flestar snúið að því að setja aukið fjármagn í ýmis verkefni til að koma í veg fyrir að fólk flytji. Hins vegar hefur lítið verið lagt í að skoða hvers vegna fólk er um kyrrt eða kys að flytja á viss svæði. Ýmislegt bendir til að þar skipti félagsleg tengsl máli.

Tengsl eru það sem bindur okkur böndum og eru einkum uppbyggð af fjölskyldu og vinum en geta þó líka myndast við til dæmis samstarfsfélaga eða í gegnum samskipti innan félagasamstaka (Granovetter, 1983). Ítrekað hefur verið sýnt fram á jákvæð áhrif fjölskyldu- og vinatengsla á hina ýmsu þætti (Adams, 2016; Cohn og Morin, 2008; Fitz, Lyon og Driskell, 2015; Mellander o.fl., 2011; Sampson, 1988). Áhrif tengsla á val um búsetu komu fram í rannsókn Vífils Karlssonar og Grétars Þórs Eyþórssonar (2009) og sýndi rannsókn Roback (1982) fram á að einstaklingar eru reiðubúnir til að taka á sig

launalækkun og/eða aukinn kostnað við húsnæði í stað þess að lífsgæði einstaklinganna aukist. Í víðtækri rannsókn um búferlaflutninga Bandaríkjamanna kemur fram að þeir sem hafa á annað borð flutt búferlum segja ástæðurnar fyrir núverandi búsetuvali vera vegna atvinnu- og/eða viðskiptatækifæra mun frekar heldur en vegna fjölskyldu. Aftur á móti eru íbúarnir sem verða um kyrrt að gera það vegna fjölskyldutengsla og annarra tengsla við svæðið en síður vegna efnahagsástæðna (Cohn og Morin, 2008). Mellander o.fl. (2011) halda því fram að atvinna hafi ekki jafn mikil áhrif á val á búsetu og áður hefur verið talið heldur hefur fólk æ meira verið að velja möguleika á félagstenglum fram yfir aukna atvinnumöguleika. Gefur þetta til kynna áhrifin sem tengsl geta haft á búsetuval og að íbúar kjósa að vera um kyrrt. Þegar aðfluttir íbúar hafa tengsl er talið að það ýti undir aðra mikilvæga þætti sem stuðla enn fremur að því að þeir kjósa að halda kyrru fyrir og um leið minnka líkurnar á flutningi burt af svæðinu.

Rannsóknir hafa sýnt að íbúar íslenskra sveitarfélaga líti á sveitarfélagið sitt sem samfélag (Eva Marín Hlynsdóttir, 2016) og er það í samræmi við það sem starfsmenn skipulagsheilda upplifa. Þess vegna, þegar skipulagsheild er til umræðu í tilfelli þessarar rannsóknar er þá átt við það í tengslum við sveitarfélög, þ.e.a.s. skuldbindingin sem aðfluttir íbúar hafa gagnvart sveitarfélaginu. Porter, Steers og Boulian (1974) lögðu upp með þríþætta skilgreiningu á skuldbindingu gagnvart skipulagsheild. Í fyrsta lagi ríkir sterk trú og viðurkenning á þeim markmiðum og gildum sem skipulagsheildin hefur. Í öðru lagi er sterkur vilji til þess að leggja sig fram fyrir skipulagsheildina. Í þriðja lagi er ljóst að það er rík tilhneiging til að viðhalda sambandi við skipulagsheildina. Ef þessir þættir eru til staðar ýtir það undir að fólk vilji síður yfirgefa skipulagsheildina. Þeir íbúar sem upplifa sterk tilfinningaleg bönd gagnvart samfélaginu telja það vera rétta staðinn fyrir sig og vilja þess vegna alls ekki flytja burt (Knight foundation, 2010). Skuldbindingin virðist síður finnast hjá ungu fólki sem kys æ oftar að yfirgefa heimasvæði sitt og snýr ekki til baka. Án ungs fólks í samfélaginu versnar þar af leiðandi hagur þeirra sem eftir eru (Axel Hall o.fl., 2002; Árni Ragnarsson o.fl., 2017). Skuldbinding hefur því sitt vægi en er oft ekki næg ein og sér.

Félagsvirkni snýr að samfélagslegri virkni og félagslyndi sem hér eftir verður talað um í sameiningu sem félagsvirkni. Talið er að þeir sem hafa tengsl séu virkari í félagslegum aðstæðum og sæki í að vera í aðstæðum þar sem fólk kemur saman (Fitz o.fl., 2016).

Lengd búsetu hefur jákvæða fylgni við vináttu í samfélaginu (Sampson, 1988) og eldra fólk og barnafjölskyldur eru félagslega virkari en aðrir (Florida o.fl., 2011). Þar að auki er því haldið fram að ef íbúar finna fyrir miklum tengslum má greina aukna ánægju gagnvart samfélaginu (Fitz o.fl., 2016; Florida o.fl., 2011; Putnam, 2000). Félagsvirkni íbúa er þess vegna mikilvæg til að stuðla að frekari ánægju með samfélagið sem getur þá leitt að því að íbúar vilja síður flytjast á brott.

Þessi rannsókn mun beina sjónum að lítt rannsökuðu efni í tengslum við aðflutta íbúa. Í rannsókninni verður kannað hvort að íbúar sem höfðu tengsl í sveitarfélaginu fyrir flutning séu skuldbundnari og félagslega virkari en þeir sem engin tengsl höfðu fyrir flutning. Einnig verður athugað hvort að fylgni sé á milli tengsla og þess að íbúar séu ólíklegri til að flytja úr sveitarfélaginu. Markmiðið er því að komast að því hvort að fylgni sé á milli tengsla aðfluttra íbúa og skuldbindingar, félagsvirkni og minnkandi líkur þess að þeir flytja burt sveitarfélaginu.

Hvað varðar gildi rannsóknarinnar er það tvíþætt. Rannsóknin hefur hagnýtt gildi fyrir sveitarfélög að því leyttu til að þau geta nýtt sér upplýsingarnar sem fram koma til þess að finna nýjar lausnir við neikvæðri íbúapróun. Ef niðurstöður rannsóknarinnar leiða í ljós að íbúar með lítil eða engin tengsl við svæðið hafa átt í erfiðleikum með að aðlagast svæðinu og eru líklegri til að flytja í burtu geta sveitarfélögin farið í aðgerðir til að bæta aðstæður þessa hóps. Fræðilegt gildi rannsóknarinnar er mikið þar sem hún eykur þekkingu á annars lítið rannsökuðu sviði er varða samband tengsla við búsetu. Rannsóknin verður því hagnýt fyrir sveitarfélög landsins og ýtir undir það að frekari rannsóknir á áhrifum tengsla á búsetu verði gerðar.

Í byrjun verða krufðar fyrri rannsóknir er varða tengsl, skuldbindingu, félagsvirkni og búferlaflutninga. Farið verður yfir rannsóknaraðferðina sem og mælitækið og síðan verður rýnt í niðurstöður spurningakönnunar í sérstökum kafla. Verkið í heild verður tekið saman í umræðukafla, þar sem takmarkanir rannsóknarinnar verða yfirfarnar og tillögur að frekari rannsóknum í tengslum við efnið lagðar fram.

2 Rannsóknir á tengslum í samfélagi

Samkvæmt búferlarannsóknum er talið mikilvægt að íbúar séu félagslega virkir í samfélaginu og upplifi sig sem skuldbundna samfélaginu (Cohn og Morin, 2008; Florida o.fl., 2011; Knight foundation, 2010). Þetta er talið að muni leiða til þess að þeir séu ólíklegri til að flytjast á brott (Cohn og Morin, 2008; Knight foundation, 2010). Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að skilgreina hugtakið samfélag.

Hvað er samfélag og hvað þýðir það að vera hluti af samfélagi? Gusfield (1975) segir samfélag vera tvíþætt. Fyrst er hið landfræðilega samfélag; borg, bær, nágrenni. Síðan er hlutinn sem tengist mannlegum samskiptum. Þannig bendir Lowndes (1995) á að samfélag sé ekki endilega bundið við ákveðinn stað, svæði eða stærð. Samfélagið byggir meira á samhjálp og samvinnu borgaranna, það er að upplifa sig sem hluta af einhverju samfélagi. Staðbundin samfélög skipta ekki eins miklu máli og áður og hafa verður í huga að fólk samsamar sig oft meira með öðrum á vissum aldri eða ákveðinni menntun fremur en út frá búsetu. Lowndes (1995) leggur jafnframt til að litið sé á allar gerðir samfélaga sem ákveðinn stökkpall til að byggja upp borgaralega samhygð og félagsauð. Í tilfelli þessarar rannsóknar er gert ráð fyrir að sveitarfélag sé samfélag og með búsetu í sveitarfélagi þá sé viðkomandi hluti af ákveðnu samfélagi.

Til að einstaklingum líði eins og þeir séu hluti af samfélaginu eru ákveðnir þættir sem þurfa að vera til staðar samkvæmt McMillan og Chavis (1986). Þeir þróðu á sínum tíma mælitæki til að mæla samfélagsleg tengsl (e. sense of community) og komust að því að það væru fjórir þættir sem þyrfti að hafa í huga. Að upplifa sig sem hluta af heild (e. membership). Að upplifa möguleika á því að hafa áhrif og að skipta meðlimi samfélagsins máli. Að upplifa þörfum þeirra vera mætt með því að verða hluti af samfélaginu. Að upplifa að viðkomandi deili sameiginlegri reynslu með meðlimum samfélagsins ásamt því að mynda tilfinningatengsl við þá. Einnig að upplifa ákveðna skuldbindingu við samfélagið og meðlimi þess. Með öðrum orðum ef íbúar upplifa samfélagsleg tengsl þá eru meiri líkur á að þeim líði eins og þeir séu hluti af samfélaginu, að þeir skipti samfélagið og meðlimi þess máli og þeir eru þannig líklegri til að telja að

með því að skuldbinda sig samfélaginu muni þörfum þeirra verða mætt (McMillan og Chavis, 1986).

Florida (2014) kemst að kjarna málsins um ástæður þess að svo mikilvægt er að kanna áhrif tengsla á búsetu í grein sinni „Why people stay where they are“: „Það að þróa dýpri skilning á því hvernig við myndum sterkari tengsl og festum frekar rætur í samfélög okkar er lykilatriði til að auka lífsgæði okkar og staðanna sem við búum á“ [Þýðing höfundar].

2.1 Hvaða áhrif hafa tengsl á búsetu?

Tengsl eru byggð á trausti. Í stuttu máli samanstanda þau af fólkinu sem standa einstaklingum hvað næst eins og ættingjar, fjölskyldutengsl, og vinir, vinatengsl. Einnig geta tengslin myndast í gegnum samskipti við til dæmis samstarfsfólk eða félagasamtök og snúast því oft um það að efla einstaklinga með aukinni þekkingu, upplýsingum eða tækifærum (Granovetter, 1983). Fjölskyldu- og vinatengsl hafa jákvæð áhrif á hina ýmsu þætti (Adams, 2016; Cohn og Morin, 2008; Fitz o.fl., 2015; Mellander o.fl., 2011; Sampson, 1988) en í tilfalli þessarar rannsóknar verður sjónum beint að fylgni tengsla við skuldbindingu og félagsvirkni aðfluttra íbúa.

Rannsókn Vífils Karlssonar og Grétars Þórs Eypórssonar (2009) leiddi í ljós að þættir sem snúa að fjölskyldunni skipta íbúa mestu máli þegar það íhugar hvar setjast skuli að. Atriðin sem töldust til fjölskylduþátta voru skólamöguleikar fyrir börn og barnvænt umhverfi sem býður upp á tómsunda- og íþrótttaafþreyingu fyrir þau. Umhverfisþættir eins og að vera í námunda við náttúru, búa ekki of þétt og vera fjarri bílaumferð höfðu síðan næst mest áhrif og þar á eftir efnahagsþættir er varða t.d. framboð og verð á húsnæði og matvöruverð. Töldu þeir því að sveitarfélög þyrftu sérstaklega að hlúa vel að þessum atriðum til þess að vera ákjósanlegur staður fyrir íbúa (Vífils Karlsson og Grétar Þór Eypórsson, 2009; Vífill Karlsson og Kolfinna Jóhannesdóttir, 2010).

Í umfangsmikilli rannsókn á búferlaflutningum Bandaríkjamanna er viðfangsefninu skipt upp í tvo hópa. Í fyrsta lagi, „flytjendur“ (e. movers) sem eru þeir sem hafa flutt á milli samfélaga/bæjarfélaga/sveitarfélaga en „kyrrsetur“ (e. stayers) þeir sem hafa ekki flutt af heimasvæði sínu nema til þess að fara í háskóla eða sinna herþjónustu s.s. flytja tímabundið og snúa síðan aftur á heimasvæðið (Cohn og Morin, 2008). Í rannsókninni kemur fram að þeir sem eru um kyrrt á heimasvæði sínu gera það að miklu leyti vegna

fjölskyldutengsla sem eru til staðar. Þar að auki er mikill vilji til þess að búa á staðnum þar sem alist var upp og viðkomandi telur að heimabærinn sé góður staður til að ala upp börn. Um helmingur svarenda nefndi einnig vinatengsl sem ástæðu fyrir áframhaldandi búsetu (Cohn og Morin, 2008). Sömu niðurstöður komu fram hjá Mellander o.fl. (2011) þegar þau fundu út að möguleikinn á að hitta fólk og eignast vini hefur einna mest áhrif á það að fólk ákveður að vera um kyrrt á einhverjum stað. Cohn og Morin (2008) sýndu fram á að ástæður fyrir vali á núverandi búsetu tengdar tengslum, voru einna helst nefndar af konum og miðaldra eða eldri einstaklingum með meðalháar tekjur. Efnahagsleg rök, eins og atvinnumöguleikar og efnahagsástand, voru þó einnig nefnd sem ástæður en rökin er varða tengsl voru í yfirgnæfandi meirihluta. „Flytjendur“ segja frekar að efnahagslegar ástæður liggja að baki þess að þeir völdu að búa á núverandi svæði, í þeim hópi voru frekar karlmenn, háskólamenntaðir og tekjuhærra fólk (Cohn og Morin, 2008). Fjölskyldutengsl sem og staðbundin tengsl, þ.e. íbúarnir tengjast ákveðnu svæði tilfinningaböndum, geta haft svo mikil áhrif að þrátt fyrir að íbúar séu óánægðir með þau kjör sem búið er við eru þeir ekki reiðubúnir til að flytjast á brott (Adams, 2016). Florida (2014) tekur í sama streng og segir þætti tengda húsnæði, þ.e.a.s. verð og gæði húsnæðis, hafa minni áhrif á ákvörðunina um að vera um kyrrt og ástæðurnar séu meira tengdar gæði samfélagsins sem og fjölskyldutengslum. Þykir þetta undirstrika mikilvægi tengsla og að þættir sem tengjast lífsgæðum hafi meiri áhrif á að fólk verður um kyrrt fremur en efnahagslegir þættir eins og atvinnumöguleikar og efnahagsástand.

Í rannsókn Fitz o.fl. (2016) kemur fram að því meiri tengslum sem íbúar búa yfir því líklegri eru þeir til þess að vera ánægðir með samfélagið sem búið er í. Í umfjöllun Cohn og Morin (2008) er sýnt fram á að „kyrrsetur“ búa í návígi við fjölskyldu, flestir eiga fjölskyldu í innan við klukkutíma akstri frá búsetu. Aftur á móti eru „flytjendur“ mun ólíklegri til að eiga marga fjölskyldumeðlimi í slíkri nálægð, flestir eru með 4-5 fjölskyldumeðlimi í nærumhverfi en 26% eiga enga fjölskyldu á svæðinu sem búið er á. Þau benda einnig á að auknar líkur eru á því að „kyrrsetur“ eigi fleiri heimamenn að vinum frekar en þeir sem hafa flutt á svæðið. Jafnframt segjast „flytjendur“ frekar að fjöldi heimamanna sem þeir telja til vina sé undir meðallagi (Cohn og Morin, 2008). Bent er á að nálægð við fjölskyldu ýti undir almenna ánægju með samfélagið sem búið er í. Hins vegar eru þeir íbúar sem eiga ekki fjölskyldu í samfélaginu en búa í návígi við þá sem hafa fjölskyldu í samfélaginu síður ánægðir með samfélagið. Töldu rannsakendur

slíka óánægju geta orsakast af því að íbúarnir upplifa sig utanveltu í samfélaginu sökum skorts á fjölskyldutengslum (Fitz o.fl., 2016). Jafnframt kom fram í skýrslu Hagfræðistofnunar að fólk á það til að flytja til svæða sem liggja nálægt þeim sem búið var í. Þetta bendir til þess að fólk leitar í að vera nálægt fyrri búsetu sinni og flytur ekki langar vegalengdir. Aftur á móti er höfuðborgarsvæðið undanskilið en fólk leitar ekki þangað í meiri mæli frá vissum landshlutum en öðrum (Axel Hall o.fl., 2002).

Sænsk rannsókn sýndi að einstaklingar sem snúa aftur til heimasvæðis síns á landsbyggðinni að lokinni menntun voru í flestum tilfellum búnir að koma sér upp fjölskyldu. Einnig kom í ljós í rannsókninni að fjölskylduuppbygging hefur meiri áhrif á val á búsetu fremur en þættir eins og til dæmis kyn og aldur. Það að flytja aftur til heimasvæðisins á landsbyggðinni þýddi að einstaklingarnir settust að þar sem verri atvinnumöguleikar voru til staðar og í sumum tilfellum var lítið um aðlaðandi umhverfi sem í þessu tilfalli voru gróskumikil svæði og vatnasvæði (Bjerke og Mellander, 2016). Þetta gefur til kynna að það að hafa komið sér upp fjölskyldu ýti sterklega undir að flutt sé til baka á svæði þar sem einstaklingur hefur búið áður og á fjölskyldu á svæðinu.

3 Rannsóknir á skuldbindingu við samfélag

Einstaklingar eru taldir vera skuldbundnir þegar þeir taka þátt í samfélaginu og samsvara sig með til dæmis skipulagsheild, samfélagi eða í tilfalli þessarar rannsóknar, sveitarfélagi. Samkvæmt tímamótarannsókn Porter o.fl. (1974) á skuldbindingu við skipulagsheild skilgreindu þeir skuldbindingu á eftirfarandi hátt:

- Sterk trú á og viðurkenning á markmiðum og gildum skipulagsheildarinnar
- Vilji til að leggja sig mikið fram í nafni skipulagsheildarinnar
- Skýr þörf til að vera meðlimur skipulagsheildarinnar

Í ofangreindri rannsókn um skuldbindingu starfsmanna gagnvart skipulagsheild kom í ljós að þeir sem hættu í vinnunni á meðan rannsókninni stóð höfðu verið áberandi minna skuldbundnir gagnvart skipulagsheildinni og þar að auki minna ánægðir með skipulagsheildina (Porter o.fl., 1974). Því lengur sem starfsmennirnir voru starfandi á vinnustaðnum því meiri varð skuldbinding þeirra gagnvart skipulagsheildinni. Aftur á móti gátu rannsakendur ekki útskýrt þennan mun með vissu en veltu fyrir sér hvort munurinn á skuldbindingu gæti stafað af mismunandi væntingum t.d. um laun, starfsumhverfi o.fl. Með öðrum orðum að væntingum þeirra sem voru um kyrrt hefði verið mætt en ekki væntingum þeirra sem fóru.

Þrátt fyrir að rannsókn Porter o.fl. (1974) hafi snúið að skipulagsheildum en ekki sveitarfélögum þá hafa rannsóknir þeirra ákveðið skýringargildi í þessu samhengi. Íslensk sveitarfélög eru staðbundin stjórnvöld (Gunnar Helgi Kristinsson, 2001) og þau eru landfræðilega skýrt afmörkuð. Lowndes (1995) hefur bent á að hin hefðbundna samsömun á milli sveitarfélags og samfélags hafi almennt rofnað en íslenskar rannsóknir benda til að þetta eigi ekki við hér (Eva Marín Hlynsdóttir, 2016). Þannig virðist sem íbúar flestra smærri sveitarfélaga líti á sveitarfélagið sitt sem samfélag svipað og starfsmenn skipulagsheilda upplifa. Verður því rannsókn Porter o.fl. yfirfærð á viðfangsefni rannsóknarinnar og skuldbinding við skipulagsheild lögð að jöfnu við skuldbindingu gagnvart sveitarfélagi.

Íbúar sem eru hvað mest tengdir samfélaginu eru stoltir af samfélaginu, telja framtíð samfélagsins vera bjarta og upplifa að samfélagið sé hinn fullkomni staður fyrir þá. Að vera tengdur samfélaginu þýðir að íbúinn býr yfir tilfinningum gagnvart samfélaginu sem ná út fyrir ánægju, hollustu og upp að vissu marki ástríðu gagnvart samfélaginu. Íbúarnir sem upplifa þessi miklu tengsl vilja alls ekki flytja úr samfélaginu. Rannsókn „Knight foundation“ (2010) leiddi í ljós þrjá þætti sem samfélagið verður að hafa til að mögulegt sé að mynda þessi sterku tengsl milli íbúa og samfélags. Í fyrsta lagi félagslegar aðstæður eins og möguleika á að hitta annað fólk og að upplifa það að meðlimum samfélagsins sé annt hvert um annað. Í öðru lagi þarf samfélagið að vera opið öllum, þ.e.a.s. fólk úr hinum ýmsu þjóðfélagsstigum er boðið velkomið í samfélagið og að lokum fallett umhverfi sem er opið íbúum til afnota (Knight foundation, 2010). Kom í ljós að þessir félagslegu þættir voru mun mikilvægari til að mynda tengsl íbúa gagnvart samfélaginu fremur en aldur, hjúskaparstaða, menntun eða atvinnustaða (Florida, 2014; Knight foundation, 2010). Með öðrum orðum bakgrunnur fólks skiptir minna máli þegar kemur að því að mynda tengsl íbúa við samfélagið en félagslegar aðstæður, opið samfélag og fallett umhverfi. Þegar kemur að ánægju með samfélagið þá leiddi rannsókn Florida o.fl. (2011) í ljós að ekkert samband er á milli ánægju með samfélagið, hjúskaparstöðu og tilvist barna inni á heimili. Annað kom fram í rannsókn Cohn og Morin (2008) þar sem fólk í sambandi með börn undir 18 ára aldri lagði áherslu á að samfélagið sem þau byggju í væri góður staður til að ala upp börn og að sú staðreynd hefði haft mikil áhrif á valið að flytja þangað.

Porter o.fl. (1974) fundu út að meðalaldur þeirra sem voru um kyrrt var hærri heldur en þeirra sem hættu störfum hjá skipulagsheildinni, töldu rannsakendur það gefa til kynna að þeir sem væru eldri væru meira skuldbundnir. Það er í samræmi við búferlarannsóknir því ef rýnt er í aldur má sjá að búferlaflutningar eru einkum bundnir við yngra fólk (Axel Hall o.fl., 2002; Cohn og Morin, 2008; Mellander o.fl., 2011). Einnig kemur fram í skýrslu Hagfræðistofnunar að þegar fólk hefur fundið sér fótfestu á svæði er ólíklegt að það flytjist búferlum aftur. Í sömu rannsókn er gift eldra fólk með börn eldri en 9 ára líklegra til að vera um kyrrt en foreldrar barna yngri en 9 ára. Aftur á móti er margt sem bendir til þess að ef þeir sem eldri eru fara að hugsa sér til hreyfings þá er það innan heimasvæðisins (Axel Hall o.fl., 2002). Þetta bendir til þess að ef mikið af ungu fólk flytur í burtu frá ákveðnum svæðum getur reynst erfitt að endurheimta það.

Þannig eiga byggðir erfitt uppdráttar og hagur þeirra sem eftir er versnar vegna þess að hópurinn hverfur sem er hvort tveggja á barneignaraldri og hvað virkastur á atvinnumarkaði, meðalaldur hækkar og íbúum fækkar (Axel Hall o.fl., 2002; Árni Ragnarsson o.fl., 2017).

Í rannsókn Porters o.fl. frá 1974 fannst ekki munur á skuldbindingu eftir menntun starfsmanna en Mellander o.fl. (2011) komust aftur á móti að því að hátt menntunarstig eykur líkurnar á því að fólk flytji í burtu. Það gefur til kynna að skuldbinding gagnvart búsetu sé af skorum skammti hjá velmenntuðu fólki. Svipaðar niðurstöður hafa komið fram í öðrum rannsóknum sem sýna fram á að fólk með hærra menntunarstig og meiri sérhæfingu sé fremur tilbúið til að flytjast um set, jafnvel um langar vegalengdir, til að fá atvinnu við hæfi (Axel Hall o.fl., 2002; Bjerke og Mellander, 2016; Cohn og Morin, 2008). Jafnframt hefur aukin menntun einnig áhrif á það hvert fólk flytur. Ljóst er að sumir staðir draga til sín ómenntaða og aðrir, þá einkum höfuðborgarsvæðið, hafa meira að bjóða fyrir menntaða einstaklinga. Enn fremur hefur verið sýnt fram á að á þeim stöðum sem menntastofnanir hafa risið hefur það haft jákvæð áhrif á byggðina (Axel Hall o.fl., 2002; Árni Ragnarsson o.fl., 2017) dæmi um þetta er til að mynda tilkoma Háskólans á Akureyri (Axel Hall o.fl., 2002).

Hvað kynjamun varðar þá fundu Porter o.fl. (1974) ekki mun á konum og körlum þegar kom að skuldbindingu til skipulagsheilda í rannsókn sinni en síðari búferlarannsóknir hafa sýnt fram á að konur eru líklegri til að flytja á brott en karlar (Árni Ragnarsson o.fl., 2017; Vífill Karlsson og Grétar Þór Eypórsson, 2009; Vífill Karlsson og Kolfinna Jóhannesdóttir, 2010). Vífill Karlsson og Kolfinna Jóhannesdóttir (2010) töldu ástæður þess að konur fluttust í meiri mæli en karlar frá borg í sveit mega rekja til þess að á þeim tíma sem rannsóknin fór fram, skömmu fyrir hrun 2008, hafði húsnæðisverð hækkað til muna á höfuðborgarsvæðinu og að konur hefðu síður átt möguleika á að greiða háar fjárhæðir fyrir húsnæði. Einnig kom fram að konur vildu síður en karlar búa við umferðapunga sem ýtti þar af leiðandi undir að flutt væri burt af höfuðborgarsvæðinu (Vífill Karlsson og Kolfinna Jóhannesdóttir, 2010). Þrátt fyrir þessar niðurstöður hefur ekkert lát verið á flutningum frá landsbyggðinni og til höfuðborgarsvæðisins og nærliggjandi sveitarfélaga (Axel Hall o.fl., 2002; Vífill Karlsson og Grétar Þór Eypórsson, 2009).

Annar áhrifavaldur í flutningum er að íbúar sem hafa flutt einu sinni eru líklegri til að telja að þeir muni flytja aftur á næstu 5 árum heldur en þeir sem hafa alltaf verið um kyrrt. Það sem ýtir undir að íbúar telja líklegt að þeir muni flytja burtu er óánægja með samfélagið en um það bil helmingur þeirra sem meta ánægju sína með samfélagið litla telja líklegt að þeir muni flytja í burtu (Cohn og Morin, 2008). Rannsóknir hafa sýnt fram á að ánægja með samfélagið dregur úr líkunum á því að fólk flytji (Florida o.fl., 2011; Florida, 2014). Einstaklingar geta jafnframt verið reiðubúnir til að taka á sig launalækkun og/eða aukinn kostnað við húsnæði gegn því að lífgæði þeirra muni aukast (Roback, 1982). Þetta gefur til kynna að þeir sem hafa á annað borð flutt eru síður skuldbundnir samfélaginu og ekki jafn rótfastir og íbúarnir sem hafa verið um kyrrt.

4 Rannsóknir á félagsvirkni í samfélagi

Það er tvennt sem felst í því að vera virkur félagslega. Annars vegar samfélagsleg virkni, þ.e. tíðni þátttöku í samfélagslegum athöfnum fyrir eða á vegum sveitarfélagsins og hins vegar félagslyndi, þ.e. tíðni félagssamskipta við ættingja, vini og samstarfsfélaga (Ramlagan o.fl., 2013). Hér eftir verður talað um þetta tvennt í sameiningu sem félagsvirkni. Hversu virkir íbúar eru í samfélaginu, þ.e. taka þátt í t.d. verkefnum í þágu samfélagsins eða hafa möguleikann á því að hitta vini og ættingja (Putnam, 2000) hefur jákvæð áhrif á ánægju gagnvart samfélaginu sem búið er í (e. community satisfaction) (Florida o.fl., 2011). Flestar rannsóknir benda til þess að því meiri tengsl sem íbúar hafa, eins og fjölskyldu- og vinatengsl, því ánægðari eru þeir með samfélagið sem búið er í (Fitz o.fl., 2016), það að geta til dæmis hitt vini hefur jákvæð áhrif á ánægju með samfélagið (Florida o.fl., 2011; Putnam, 2000). Tengsl eru því mikilvæg til að geta verið virkur félagslega.

Samkvæmt Lowndes (1995) eru vísbendingar um að fólk sé líklegra til að taka þátt í skipulögðu starfi í stærri sveitarfélögum þótt að það telji sig ekki endilega vera hluta af samfélaginu. Hins vegar kom fram að þar sem íbúar upplifa sig sem hluta af sveitarfélaginu, er oft minni þátttaka í skipulögðu starfi. Talið er að það sé vegna þess að í minni sveitarfélögum er öll umgjörðin minni og oft er jafnvel hægt að hafa beint samband við stjórnámálamennina í stað þess að þurfa að mæta á skipulagða fundi. Niðurstöður í nýlegri rannsókn Fitz o.fl. (2016) sýna athyglisverðan punkt varðandi þátttöku í sjálfbóðaliðasamtökum í tengslum við ánægju með samfélagið. Þar var leitt í ljós að það skiptir ekki eins miklu máli að vera sjálfbóðaliði og það að aðrir í samfélaginu séu sjálfbóðaliðar. Með öðrum orðum, íbúar sem búa nálægt öðrum sem vinna í þágu samfélagsins eykur þeirra eigin ánægju með samfélagið.

Jones (1986) taldi að því meira sem félagssamskipti voru innbundin í skipulagsheildina því meiri var ánægjan, skuldbinding var meiri og einnig voru fyrirætlanir um að hætta eða flytja sjaldgæfari. Einnig hefur komið í ljós að því eldra sem fólk er því skuldbundnara og félagslega virkara er það og á það sama við um

barnafjölskyldur (Florida o.fl., 2011). Lengd búsetu í samfélagi hefur þannig bein jákvæð áhrif á myndun vinasambanda innan samfélagsins (e. local friendship), skuldbindingu gagnvart samfélaginu og þátttöku innan þess. Skuldbinding og félagsvirkni eru því samkvæmt þessu tengd. Í samfélögum þar sem íbúar búa í skemmri tíma í senn eru færri tækifæri til þess að kynnast fólki, viðhalda vináttunni og einnig verður þátttaka í málefnum samfélagsins minni. Þetta leiðir til þess að íbúar aðlagast síður samfélaginu (Sampson, 1988). Rannsókn „Knight foundation“ (2010) komst að þeirri niðurstöðu að lengd búsetu hafði fylgni við hversu tengdir íbúarnir voru samfélaginu en samkvæmt rannsókninni voru þeir íbúar sem höfðu búið á sama stað í 3-5 ár hvað mest tengdir samfélaginu.

Í tímamóta rannsókn Peter Blau (1960) mótar hann hugtakið félagslega aðlögun (e. social integration). Til að hafa möguleika á að aðlagast verða einstaklingar að vilja vera hluti af skipulagsheildinni og hafa eitthvað fram að færa sem gerir þá aðlaðandi fyrir meðlimi skipulagsheildarinnar. Einstaklingur er talinn vera aðlagaður ef meðlimir skipulagsheildarinnar umgangast hann frjálsglega og telja hann vera einn af þeim. Blau komst að þeirri niðurstöðu að þeir einstaklingar sem eru aðgengilegir og aðlaðandi eru líklegri til þess að aðlagast innan skipulagsheildarinnar og meðal meðlima hennar. Einstaklingar sem voru þekktir fyrir en óvinsælir, eiga hins vegar hvað erfiðast með að aðlagast innan skipulagsheildarinnar og meðal meðlima hennar. Samkvæmt þessu má leiða að því líkur að þegar íbúar eru skuldbundnir og félagsvirkir þá hafi þeir aðlagast samfélaginu.

5 Rannsóknaraðferð

Lagt var upp með að kanna fylgni tengsla við skuldbindingu, félagsvirkni aðfluttra íbúa og minnkandi líkur þess að þeir flytja burt úr sveitarfélaginu. Notast var við meginlega aðferðafræði við vinnslu rannsóknarinnar. Rannsóknin var send út í gegnum samskiptasíðuna „Facebook“ og var því um hentugleikaúrtak að ræða. Sagt verður frá mælitækinu og ástæður þess að það var notað, síðan hvernig rannsóknin var framkvæmd og að lokum verða þátttakendur rannsóknarinnar útlistaðir.

5.1 Mælitæki

Ekki fannst heildstætt mælitæki sem gat náð utan um markmið þessarar rannsóknar með góðu móti. Mælitækið er þess vegna byggt á nokkrum mælitækjum og skiptist í þrjá hluta, tengsl, skuldbindingu og félagsvirkni. Í upphafi var spurt um bakgrunn þátttakenda. Þær spurningar vörðuð kyn, fæðingarár, hæsta stig menntunar, stöðu á vinnumarkaði, hjúskaparstöðu og fjölda barna undir 18 ára á heimili

Því næst komu síuspurningar. Spurt var hvort að þátttakendur ættu heima á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni. Íbúar höfuðborgarsvæðisins fengu síðan spurninguna „hefur þú alltaf átt heima á höfuðborgarsvæðinu“ og ef svarað var játandi þá voru svör þeirra ekki notuð til greininga. Ef svarað var neitandi var spurt í hvaða sveitarfélagi núverandi búseta væri í og hægt var að velja um sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins. Að því loknu kom upp spurningin „hefur þú alltaf átt heima í sveitarfélaginu“ og ef henni var svarað játandi þá voru svör þeirra ekki notuð til greininga. Íbúar landsbyggðarinnar voru spurðir í hvaða sveitarfélagi núverandi búseta væri og hægt var að velja um öll sveitarfélög landsbyggðarinnar. Því næst kom spurningin „hefur þú alltaf átt heima í sveitarfélaginu“ og ef henni var svarað játandi þá voru svör þeirra ekki notuð til greininga.

Þátttakendur þurftu að svara frekari spurningum varðandi búsetu. Fyrst voru þeir beðnir um að svara hvaða ár núverandi búseta hófst. Síðan komu tvær opnar búsetu spurningar í mælitækinu, sem gaf þátttakendum möguleika á að svara frá eigin brjósti.

Þær voru annars vegar, ef fólk hafði áður búið í sveitarfélaginu á hvaða tímabili eða tímabilum það hafði verið og hins vegar hverjar væru ástæður þess að flutt var í sveitarfélagið.

Tengsl eru af þrennum meiði í mælitækinu. Til að geta mælt styrkleika tengsla voru gefin stig fyrir hversu mikil tengsl þátttakandinn hafði við sveitarfélagið. Fyrst var spurt um hvort að þátttakandinn hefði búið áður í sveitarfélaginu sem núverandi búseta er í og gaf svarið „nei“ 0 stig og „já“ 1 stig. Síðan var spurt um hvort þátttakandi hafi átt fjölskyldu og vini í sveitarfélaginu fyrir núverandi búsetu, „nei“ gaf 0 stig, „já vinir“ 1 stig, „já fjölskylda“ 2 stig og „já fjölskylda og vinir“ 3 stig og að lokum er spurt hvort maki þátttakanda hafi átt fjölskyldu og/eða vini í sveitarfélaginu fyrir núverandi búsetu, „nei“ gaf 0 stig, „já vinir“ 1 stig, „já fjölskylda“ 2 stig og „já fjölskylda og vinir“ 3 stig. Þátttakendur sem hökuðu við einhleyp/ur fengu ekki spurningu um fjölskyldu- og vinatengsl maka. Einhleypur þátttakandi gat því minnst fengið 0 stig og mest fengið 4 stig. Einstaklingur í sambandi gat minnst fengið 0 stig og mest fengið 7 stig.

Þegar kemur að skuldbindingu gagnvart núverandi búsetu er mælitækið annars vegar byggt á rannsóknum Jones (1986) og Porter o.fl. (1974) sem telja alls 8 atriði. Hins vegar er spurningin „hversu ólíklegt eða líklegt er að viðkomandi flytji burtu úr sveitarfélaginu á næstu tveimur árum“, einnig að mæla skuldbindingu en hún kemur úr rannsókn Stefáns Ólafssonar (1997). Hluti mælitækisins um félagsvirkni er byggður á 7 atriðum úr rannsóknum Ramlagan o.fl. (2013) og Putnam (2000).

Ákveðið var að nota sjö punkta Likert skala þegar við átti til þess að hafa sem mest tæmandi svarmöguleika (Grétar Þór Eyþórsson, 2013). Svarmöguleikar háðu breytanna voru eftirfarandi:

- Mjög ólíklegt – Ólíklegt – Frekar ólíklegt – Hvorki ólíklegt né líklegt – Frekar líklegt – Líklegt – Mjög líklegt
- Mjög ósammála – Ósammála – Frekar ósammála – Hvorki ósammála né sammála – Frekar sammála – Sammála – Mjög sammála
- Aldrei – Einu sinni til tvisvar sinnum – Þrisvar til sex sinnum – Mánaðarlega – Tvisvar til þrisvar sinnum í mánuði – Vikulega – Tvisvar til sex sinnum í viku – Daglega
- Aldrei – Einu sinni til tvisvar sinnum – Þrisvar til sex sinnum – Sjö til ellefu sinnum – Mánaðarlega – Tvisvar til þrisvar sinnum í mánuði – Vikulega – Tvisvar til sex sinnum í viku – Daglega.

Spurningalistinn var forprófaður af 10 manns til þess að kanna hvort að spurningarnar væru skýrar og skiljanlegar. Spurningalistanum var breytt samkvæmt athugasemdum og hann síðan forprófaður aftur þar til forprófarar og höfundur töldu að ekki þyrfti að gera frekari breytingar á listanum. Spurningalistann má finna í viðauka.

5.2 Framkvæmd

Könnunin var birt á „Facebook“ síðu rannsakanda 17. ágúst 2017. Biðlað var til „Facebook“ vina að deila könnuninni sem víðast og voru 27 manns sem deildu könnuninni. Áminning var send út 21. ágúst og lokað var fyrir þátttöku 28. ágúst. Ekki var gefin upp nánari útlistun á því hver tilgangur rannsóknarinnar væri annað en að hún fjallaði um áhrif tengsla á búsetu. Þátttakendur fengu enga umbun fyrir þátttökuna.

5.3 Þátttakendur

Fjöldi þátttakenda sem svöruðu könnuninni voru 501 og af þeim voru 343 sem töldust vera aðfluttir. Einungis var unnið með þau gögn sem sneru að aðfluttum og eiga allar greiningar og lýsandi tölfræði við aðflutta.

Karlar voru 12,2% svarenda en konur voru í miklum meirihluta eða 87,8%. Um helmingur sagði börn undir 18 ára aldri vera á heimilinu eða 50,9% en barnlausir voru 49,1%. Skipting milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar endurspeglar að einhverju leyti íslenskan raunveruleika en 53,6% sögðust búa á höfuðborgarsvæðinu og 46,4% á landsbyggðinni. Í töflu 1 má sjá útlistun á bakgrunnsbreytunum sem hafa ekki þegar verið nefndar.

Tafla 1. Lýsandi tölfraði fyrir bakgrunn aðfluttra

Aldur		Hjúskaparstaða	
20 ára og yngri	1,9%	Einhleyp/ur	30,2%
21-30 ára	24,9%	Í föstu sambandi	5,8%
31-40 ára	25,5%	Í sambúð	24,4%
41-50 ára	21,6%	Gift/ur	39,6%
51-60 ára	16,2%		
61 og eldri	9,9%		
Hæsta stig menntunar		Staða á vinnumarkaði	
Grunnskólapróf	13,7%	Útivistinnandi (fullt starf)	62,5%
Framhaldsskólapróf	20,1%	Útivistinnandi (hlutastarf)	13,7%
Iðnmenntun	11,2%	Atvinnulaus	1,5%
Háskólapróf á grunnstigi	32,6%	Heimavinnandi	4,1%
Háskólapróf á framhaldsstigi	22,4%	Nemi	8,4%
		Eftirlaunaþegi	2,0%
		Annað	7,8%

Eins og sjá má af töflu 1 eru flestir aðfluttra á aldrinum 31 til 40 ára eða 25,5%. Hlutfall giftra er 39,6% og algengasta menntunin er háskólapróf á grunnstigi. Langflestir eru útivistinnandi hvort sem er í fullu starfi eða hlutastarfi eða alls 76,2%.

6 Niðurstöður

Farið verður yfir niðurstöður á eftirfarandi hátt. Byrjað verður á því að fjalla um niðurstöður tengsla, því næst verður fjallað um skuldbindingu og félagsvirkni. Að lokum verður fjallað um þáttgreiningu og samband tengsla við háðu breytturnar; skuldbindingu og félagsvirkni.

6.1 Tengsl

Lýsandi tölfraði fyrir tengsl þátttakenda er sýnd í töflu 2.

Tafla 2. Lýsandi tölfraði fyrir tengsl

	N	
Hafðir þú einhvern tíman búið í sveitarfélaginu áður en núverandi búseta þín hófst?		
Já	138	40,2%
Nei	205	59,8%
Áttir þú fjölskyldu og vini í sveitarfélaginu áður en þú fluttir í sveitarfélagið?		
Já fjölskyldu	55	15,7%
Já vini	60	17,5%
Já fjölskyldu og vini	130	37,9%
Nei	99	28,9%
Átti maki þinn fjölskyldu og vini í sveitarfélaginu áður en þú fluttir í sveitarfélagið?		
Já fjölskyldu	34	14,5%
Já vini	32	13,7%
Já fjölskyldu og vini	84	35,9%
Nei	84	35,9%

Könnuð voru tengsl á milli bakgrunnsbreytanna og breytanna sem mæla tengsl. Tvennt kom þar í ljós. 36,5% þátttakenda sem eiga börn undir 18 ára aldri á heimilinu áttu síður fjölskyldu og vini fyrir flutning í sveitarfélagið, á móti 22,6% barnlausra ($\chi^2(3, N=334)= 8,59; p < 0,05$). 44,% þeirra sem ekki höfðu lokið háskólaprófi áttu fjölskyldu og vinir fyrir flutning á móti 28,8% háskólamenntaðra ($\chi^2(3, N=340)= 18,05; p < 0,05$).

Tengslunum var skipt í tvennt, annars vegar tengsl einhleypa sem gátu minnst fengið 0 stig og mest fengið 4 tengslastig og hins vegar tengsl þeirra í sambandi sem gátu minnst fengið 0 stig og í mesta lagi fengið 7 tengslastig. Tengsl einhleypa voru rétt yfir meðallagi (M= 2,21, sf= 1,479, N= 104) en tengsl þeirra í sambandi í meðallagi (M= 3,45, sf= 2,472, N= 229).

6.2 Skuldbinding

Meðaltal, staðalfrávik og fjöldi svarenda fyrir atriði skuldbindingar er sýnt í töflu 4.

Tafla 3. Meðaltal, staðalfrávik og fjöldi svarenda fyrir skuldbindingu

Atriði	M	sf	N
Ég myndi segja fólki að sveitarfélagið sem ég bý í sé frábær staður til að búa í	5,47	1,295	336
Ég er ánægð/ur með að ég ákvað að flytja í þetta sveitarfélag	5,43	1,370	337
Ég er stolt/ur af því að búa í sveitarfélaginu	4,96	1,487	335
Ég ber mikla hollustu til sveitarfélagsins sem ég bý í	4,77	1,486	336
Ég tel mig hafa mikinn ávinning af því að búa í sveitarfélaginu til frambúðar	4,66	1,586	334
Það þyrfti mikið til, til að ég myndi flytja burt úr sveitarfélaginu	4,13	1,860	332
Í mínum huga er þetta besta sveitarfélagið til að búa í	4,13	1,555	333
Ég myndi hér um bil taka hvaða vinnu sem er til þess að geta búið í sveitarfélaginu áfram	2,74	1,777	333
Hversu ólíklegt eða líklegt er að þú munir flytja úr sveitarfélaginu á næstu tveimur árum?	2,69	1,839	342

Karlar reyndust líklegri (M= 3,36, sf= 2,182, N= 39) en konur (M= 2,64, sf= 1,785, N= 286) til að flytja í burtu ($t(323)= 2,31; p < 0,05$). Aftur á móti er hvorugt kynið sérlega líklegt að flytja burt úr sveitarfélaginu. Einnig voru einhleypir íbúar (M= 3,12, sf= 2,021, N= 104) líklegri til þess að flytja í burtu heldur en þeir sem voru í sambandi (M= 2,51, sf= 1,728, N= 235) ($t(337)= 2,67; p < 0,05$).

Íbúar af landsbyggðinni (M= 3,25 sf= 1,887, N= 153) voru frekar reiðubúnir til að taka hvaða vinnu sem er til að geta búið áfram í sveitarfélaginu heldur en þátttakendur sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu (M= 2,29, sf= 1,552, N= 180) ($t(331)= -5,02; p < 0,05$). Íbúar landsbyggðarinnar (M= 4,43, sf= 1,868, N= 154) voru einnig á því að það þyrfti

mikið til til að þeir myndu flytja í burtu fremur en íbúar höfuðborgarsvæðisins (M= 3,87, sf= 1,820, N= 178) ($t(330) = -2,75; p < 0,05$).

Þeir sem voru ekki með háskólapróf (M= 3,16, sf= 1,865, N= 148) voru líklegri til þess að taka hvaða vinnu sem er til að geta búið áfram í sveitarfélaginu frekar en þeir sem voru með háskólapróf (M= 2,38, sf= 1,637, N= 182) ($t(328) = 3,94; p < 0,05$). Auk þess kom fram að þeir íbúar sem ekki höfðu búið áður í sveitarfélaginu (M= 2,90, sf= 1,877, N= 194) myndu frekar taka hvaða vinnu sem er til að gera búið áfram í sveitarfélaginu heldur en þeir sem áður áttu búsetu í sveitarfélaginu (M= 2,51, sf= 1,592, N= 135) ($t(327) = -2,01; p < 0,05$). Að lokum kom fram munur á milli aldurshópsins 21-30 ára (M= 2,31, sf= 1,514, N= 80) og 61 árs og eldri (M=3,52, sf= 1,745, N= 29). Þeir sem voru eldri voru líklegri til að taka hvaða vinnu sem er til að geta búið áfram í sveitarfélaginu ($F(5,315) = 2,34; p < 0,05$).

6.3 Félagsvirkni

Meðaltal, staðalfrávik og fjöldi svarenda fyrir atriði skuldbindingar er sýnt í töflu 5.

Tafla 4. Meðaltal, staðalfrávik og fjöldi svarenda fyrir félagsvirkni

Atriði	M	sf	N
Farið í heimsókn til vina eða ættingja innan sveitarfélagsins?	4,81	2,112	347
Fengið vini eða ættingja í heimsókn?	4,59	2,047	347
Eytt tíma með vinnufélögum utan vinnutíma	4,09	2,811	325
Sótt samkomur eða viðburði innan sveitarfélagsins?	3,35	1,472	317
Tekið þátt í verkefnum í þínu sveitarfélagi með það að markmiði að laga eða bæta eitthvað?	2,16	1,715	322
Sótt fundi á vegum hópa, verkalýðsfélaga, félagasamtaka eða aðra formlega fundi í sveitarfélaginu?	1,79	1,249	320
Sótt fundi þar sem rætt var um málefni sveitarfélagsins til dæmis skólamál, skipulagsmál eða samgöngur?	1,74	1,161	321

Munur var kannaður á bakgrunnsbreytunum og atriðanna sem mæla félagsvirkni. Íbúar landsbyggðarinnar (M= 2,72, sf= 1,956 N= 149) taka oftast þátt í verkefnum í sveitarfélaginu með það að markmiði að bæta eða laga eitthvað fremur en íbúar á

höfuðborgarsvæðinu ($M= 1,67$, $sf= 1,299$, $N= 173$) ($t(320)=-5,73$; $p < 0,05$). Einnig sækja íbúar á landsbyggðinni ($M= 2,11$, $sf= 1,388$, $N= 149$) oftari fundi um málefni sveitarfélagsins heldur en íbúar höfuðborgarsvæðisins ($M= 1,42$, $sf= 0,795$, $N= 172$) ($t(319)=-3,53$; $p < 0,05$).

Að lokum var kannaður munur á milli aldurshópa og í ljós kom munur á milli þeirra sem eru 21-30 ára ($M=1,49$, $sf= 1,083$, $N= 75$) og eldri aldurshópa. Því eldri sem þú ert því líklegri ertu til að taka þátt í verkefnum í sveitarfélaginu með það að markmiði að bæta eða laga eitthvað og reyndist mesti munurinn vera á milli yngri hópsins og 61 og eldri ($M=2,74$, $sf= 2,144$, $N= 31$) ($F(5,303) = 3,72$; $p < 0,05$). Einnig kom fram munur milli aldurshópsins 21-30 ára ($M= 1,31$, $sf= 0,854$, $N= 75$) og 61 árs og eldri ($M=2,35$, $sf= 1,256$, $N= 31$) þegar kom að því að sækja skipulagða fundi á vegum t.d. hópa eða verkafélaga. Þeir sem eldri voru fara oftari á fundi á vegum hópa ($F(5,301) = 3,82$; $p < 0,05$).

6.4 Þáttgreining og samband tengsla við háðu breytur

Þáttgreining var framkvæmd á breytum sem mældu skuldbindingu og félagsvirkni með hornskökkum snúningi (e. direct oblimin rotation) þar sem gert var ráð fyrir að þættirnir myndu tengjast innbyrðis. „Keiser-Meyer-Olkin“ (KMO) prófið staðfesti að úrtakið væri nógu stórt þegar miðað er við að lágmarkið sé 0,6 en KMO gildið var 0,879. „Bartlett's“ prófið var marktækt [$\chi^2(105)= 2114,516$; $p < 0,05$] en það gefur til kynna að það sé fylgni á milli breytanna sem um ræðir. Þrjú þættir höfðu eigingildi yfir 1 og skýrðu 61,6% af dreifingunni. Tafla 6 sýnir hleðslu hvernar breytu á þættina sem í ljós komu auk þess að innri áreiðanleiki (e. cronback's alpha) hvers þáttar kemur fram.

Tafla 5. Niðurstöður úr þáttgreiningu

Breytur	Skuldbinding	Félagsvirkni	Félagslyndi
Ég tel mig hafa mikinn ávinning af því að búa í sveitarfélaginu til frambúðar	0,883		
Ég er stolt/ur af því að búa í sveitarfélaginu	0,863		
Í mínum huga er þetta besta sveitarfélagið til að búa í	0,852		
Ég myndi segja fólk að sveitarfélagið sem ég bý í sé frábært staður til að búa	0,823		
Ég er ánægð/ur með að ég ákvað að flytja í þetta sveitarfélag	0,815		
Það þyrfti mikið til, til að ég myndi flytja burt úr sveitarfélaginu	0,812		
Ég ber mikla hollustu til sveitarfélagsins sem ég bý í	0,764		
Ég myndi hér um bil taka hvaða vinnu sem er til þess að geta búið í sveitarfélaginu áfram	0,562		
Sótt fundi á vegum hópa, verkalýðsfélaga, félagasamtaka eða aðra formlega fundi í sveitarfélaginu?		0,847	
Sótt fundi þar sem rætt var um málefni sveitarfélagsins til dæmis skólamál, skipulagsmál eða samgöngur?		0,839	
Tekið þátt í verkefnum í þínu sveitarfélagi með það að markmiði að laga eða bæta eitthvað?		0,790	
Sótt samkomur eða viðburði innan sveitarfélagsins?		0,404	
Farið í heimsókn til vina eða ættingja innan sveitarfélagsins?			0,816
Fengið vini eða ættingja í heimsókn?			0,788
Eytt tíma með vinnufélögum utan vinnutíma			0,399
Innri áreiðanleiki	0,915	0,735	0,397

Þáttgreining skuldbindingar er í samræmi við rannsóknirnar sem hluti mælitækisins byggist á (Jones, 1986; Porter o.fl., 1974). Í tilfalli þessarar rannsóknar var ein staðhæfing undanskilin, „Ég myndi hér um bil taka hvaða vinnu sem er til þess að geta búið áfram í sveitarfélaginu“ af þeirri ástæðu það getur haft áhrif á niðurstöður að þátttakendur vinna ekki endilega í sveitarfélaginu sem búið er í og auk þess að við það hækkaði alfa gildið upp í 0,925.

Atriðið „Eytt tíma með vinnufélögum utan vinnutíma“ var fjarlæggt eftir að áreiðanleikapróf mælti með því, það varð til þess að alfa gildið hækkaði úr 0,397 upp í 0,644. Innri áreiðanleiki víddarinnar *félagslyndi* telst lágur samkvæmt Field (2016) en

hann segir að áreiðanleikinn eigi að liggja á milli 0,7 og 0,8. Enn fremur er Cortina (1993) á því að fjöldi atriði innan víddarinnar hafi áhrif á niðurstöður alfa gildisins. Það verður því að hafa í huga að innri áreiðanleiki félagsvirkni er undir þeim mörkum sem mælt er með. Atriði víddanna þriggja voru því næst sameinuð í þrjár breytur; *skuldbinding* ($M=4,79$, $sf=1,264$, $N=326$), *félagsvirkni* ($M=2,27$, $sf=1,063$, $N=314$) og *félagslyndi* ($M=4,70$, $sf=1,893$, $N=347$).

Könnuð var fylgni milli óháðu breytanna og háðu breytanna. Niðurstöður leiddu í ljós fylgni milli tengsla þeirra sem eru í sambandi og líkur á flutningi ($r_s(228)=-0,18$; $p < 0,05$). Einnig kom fylgni í ljós milli tengsla þeirra sem eru í sambandi og félagslyndi ($r_s(232)=0,16$; $p < 0,05$) en meiri fylgni kom fram á milli tengsla einhleypra og félagslyndi ($r_s(104)=0,27$; $p < 0,05$). Fylgni reyndist vera á milli tengsla einhleypra og félagsvirkni ($r_s(92)=0,18$; $p < 0,05$). Auk þess kom fram fylgni á milli óháðu breytanna líkur á flutningi og skuldbindingu ($r_s(321)=-0,48$; $p < 0,05$) og á milli líkur á flutningi og félagsvirkni ($r_s(311)=-0,14$; $p < 0,05$) og á milli líkur á flutningi og félagslyndi ($r_s(342)=-0,15$; $p < 0,05$). Í niðurstöðum kom einnig fram fylgni á milli skuldbindingar og félagsvirkni ($r_s(305)=0,29$; $p < 0,05$) og skuldbindingar og félagslyndi ($r_s(326)=0,14$; $p < 0,05$). Fylgni var milli félagsvirkni og félagslyndi ($r_s(314)=0,22$; $p < 0,05$).

7 Umræða

Markmiðið var að kanna fylgni tengsla við skuldbindingu, félagsvirkni aðfluttra íbúa og minnkandi líkur þess að þeir flytja burt úr sveitarfélaginu. Rannsókn í samskonar mynd hefur ekki verið gerð áður og þurfti því að styðjast við mælitæki frá mismunandi rannsóknum (Jones, 1986; Porter o.fl., 1974; Putnam, 2000; Ramlagan o.fl., 2013; Stefán Ólafsson, 1997).

Niðurstöður gáfu vísbendingar um samband milli tengsla við sveitarfélagið og félagsvirkni og líkur á flutningi burt úr sveitarfélaginu. Það gefur til kynna að því meiri tengsl við sveitarfélagið sem íbúinn hafði fyrir núverandi búsetu því félagsvirkari er hann og jafnframt eru minni líkur á að íbúar sem eru í sambandi flytji burt úr sveitarfélaginu. Litlu mátti muna að fylgni milli tengsla einhleypra íbúa og minnkandi líkur þess að þeir flytja burt úr sveitarfélaginu væru marktækar og það gefur til kynna að þörf er á að kanna fylgnina frekar. Niðurstöðurnar eru í samræmi við fyrri rannsóknir sem telja mikilvægt að íbúar upplifi sig skuldbundna samfélaginu og séu virkir félagslega innan þess (Cohn og Morin, 2008; Florida o.fl., 2011; Knight foundation, 2010). Þetta er talið leiða til þess að íbúarnir eru ólíklegri til að flytja í burtu (Cohn og Morin, 2008; Knight foundation, 2010). Enn fremur telja Fitz o.fl. (2016) að íbúar sem ekki hafa tengsl við svæðið en búa í návígi við aðra sem hafa fjölskyldutengsl séu síður ánægðir með samfélagið og líði utanveltu í samfélaginu. Þetta getur ýtt undir það að íbúar sem eru ekki með tengsl muni flytja í burtu úr samfélaginu því að þeir upplifa sig ekki hluta af því. Tengsl hafa fylgni við félagsvirkni og líkur á flutningi úr sveitarfélaginu. Ekki kom fram tölfræðilega marktæk fylgni milli tengsla og þáttarins skuldbindingar. Þó er skuldbinding upp að vissu marki til staðar meðal aðfluttra íbúa sem eru í sambandi þar sem að í þessari rannsókn töldust íbúar skuldbundnir sveitarfélaginu ef þeir voru ólíklegir til að flytja í burtu.

Rannsóknin leiddi einnig í ljós að því meira sem íbúarnir voru skuldbundnir og félagsvirkir því ólíklegri voru þeir til að flytja burt úr sveitarfélaginu. Það að vera skuldbundinn þannig að það þyrfti mikið til að viðkomandi flytti burt ásamt því að vera

virkur félagslega gerir ávinning einstaklingsins meiri ef hann verður um kyrrt í samfélaginu. Þetta staðfestir það sem kom fram í rannsóknum Cohn og Morin (2008) og „Knight foundation“ (2010) sem fengu sambærilegar niðurstöður. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýndu einnig fram á að skuldbinding og félagsvirkni hafa fylgni við hvort annað. Því skuldbundnari, því félagsvirkari voru íbúarnir og öfugt. Það gefur til kynna að þeir íbúar sem eru skuldbundnir og félagsvirkir upplifi sig sem hluta af samfélagslegri heild (McMillan og Chavis, 1986).

Lítill sem enginn munur var á tengslum einhleypra og þeirra sem eru í sambandi. Í báðum tilfellum voru tengslin í meðallagi. Ekki var því hægt að segja til um að íbúar í sambandi væru með meiri tengsl heldur en einhleypir og öfugt. Á hinn bóginn hefur menntunarstig eitthvað að segja. Rannsóknin leiddi í ljós að íbúar sem ekki höfðu lokið háskólaprófi höfðu frekar átt fjölskyldu og vini í sveitarfélaginu áður en þeir fluttu í sveitarfélagið heldur en háskólamenntaðir. Þarna er ekki aðgreint á milli þeirra sem búa á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu og þetta getur stafað af því að íbúar sem flytja á höfuðborgarsvæðið fóru þangað í leit að menntun burt séð frá því hvort að fjölskyldu- og vinatengsl voru til staðar. Einnig eru íbúar með hærri menntunarstig tilbúnari til að flytja langar leiðir til þess að fá atvinnu við sitt hæfi (Axel Hall o.fl., 2002; Bjerke og Mellander, 2016; Cohn og Morin, 2008) og þá er ekki sjálfgefið að fjölskyldu- og vinatengsl séu til staðar.

Í öllum tilfellum voru íbúar landsbyggðarinnar skuldbundnari og félagsvirkari heldur en íbúar höfuðborgarsvæðisins. Íbúar landsbyggðarinnar voru í mun fleiri tilfellum reiðbúnari til þess að taka hvaða vinnu sem er til þess að geta búið áfram í sveitarfélaginu. Það getur orsakast af því að íbúar landsbyggðarinnar eru almennt með minni menntun heldur en fólk búsett á höfuðborgarsvæðinu. Einnig kemur fram í rannsókn Cohn og Morin (2008) að atvinnumöguleikar liggja oftast að baki ákvörðunarinnar um val á búsetu meðal háskólamenntaðra og ef það er ekki lengur til staðar þá er engin ástæða til að vera um kyrrt í samfélaginu. Einnig þarf meira til svo að íbúar utan af landi myndu flytja burt úr sveitarfélaginu heldur en íbúar höfuðborgarsvæðisins. Rannsókn Hagfræðistofnunar gaf til kynna að þegar íbúar flytja burt þá flytja þeir til nærliggjandi sveitarfélaga (Axel Hall o.fl., 2002) og getur það rennt stoðum undir það sem hér hefur komið fram. Það getur verið að íbúum sem búa á

höfuðborgarsvæðinu finnist minna tiltökumál að flytja ef flutningarnir væru innan höfuðborgarsvæðisins. Til að ganga í skugga um það þyrfti að spyrja nánar út í hvert íbúarnir gætu hugsað sér að flytja

Þegar litið var á aldur þátttakenda kom fram að því eldri sem íbúarnir eru því reiðubúnari eru þeir til þess að taka hvaða vinnu sem er til þess að geta haldið áfram að búa í sveitarfélaginu. Einnig kom fram að eldri hópar eru félagsvirkari innan sveitarfélagsins en íbúar 30 ára og yngri. Það er í samræmi við rannsóknir sem taka tillit til aldurs. Því eldri sem þú ert því rótfastari ertu í samfélaginu og meira tilbúinn til að leggja meira á þig til þess að geta verið um kyrrt (Axel Hall o.fl., 2002; Cohn og Morin, 2008; Mellander o.fl., 2011; Porter o.fl., 1974). Þetta staðfestir vandann sem sveitarfélögin hafa strítt við, að ungt fólk er ekki reiðubúið til að taka hvaða vinnu sem er og ef ekki býðst starf við hæfi þá er pakkað í töskur og farið á næsta stað. Sveitarfélagið situr eftir með hækkandi meðalaldur og færri íbúa (Axel Hall o.fl., 2002; Árni Ragnarsson o.fl., 2017). Finna þarf leiðir til að hafa fleiri atvinnumöguleika fyrir ungt fólk og um leið gera það félagsvirkara.

Íbúar sem eru með börn undir 18 ára aldri inni á heimilinu áttu síður fjölskyldu og vini fyrir flutning í sveitarfélagið heldur en barnlausir. Fræðin hafa ekki skýringu á þessu. Meðal annars kom fram að háskólamenntaðir sem voru búnir að koma sér upp fjölskyldu voru mun líklegri til þess að snúa aftur til svæðisins þar sem fjölskyldu- og vinatengsl voru til staðar. Samkvæmt þeirri rannsókn ýtir fjölskyldugerð undir að flutt sé aftur til baka á svæði þar sem tengsl eru til staðar (Bjerke og Mellander, 2016). Möguleikar eru fyrir hendi að þetta geti verið vegna þess að barnlausir þurfa meira á tengslum að halda þar sem að þeir geta ekki tengst öðrum í gegnum börn sín og leita því frekar á kunnuglegar slóðir þar sem að stuðningur er til staðar. Einnig getur verið eins og sjá má í rannsókn Cohn og Morin (2008) að þrátt fyrir að íbúarnir hafi ekki átt tengsl við sveitarfélagið þá hafi þeir talið svæðið vera góðan stað til að ala upp börn og þess vegna valið að flytja þangað. Í þessari rannsókn var aftur á móti ekki kannað hvort að íbúarnir áttu börn fyrir flutning í sveitarfélagið.

Niðurstöður sem komu hvað mest á óvart voru að íbúar sem ekki höfðu búið áður í sveitarfélaginu voru reiðubúnari til þess að taka hvaða vinnu sem er til þess að geta haldið áfram að búa í sveitarfélaginu. Mögulega telja þeir lífsgæði þeirra í sveitarfélaginu

vera slík að þeir eru tilbúnir til að taka jafnvel á sig launalækkun til að geta búið áfram í samfélaginu (Roback, 1982). Íbúar sem áður höfðu búið í sveitarfélaginu voru ekki á sama máli og vildu ekki leggja svo mikið á sig til að geta haldið áfram að búa í sveitarfélaginu. Þar sem ekki var beðið um að færa rök fyrir því þá reynist erfitt að segja hvaða ástæður liggja þar að baki. Ef til vill snýst þetta um væntingar íbúanna því líkt og Porter o.fl. (1974) tala um þá telja þeir að aðilarnir sem sögðu starfi sínu lausu höfðu upplifað að væntingum þeirra hafði ekki verið mætt en þeir sem eftir voru upplifðu að komið hefði verið til móts við væntingar þeirra. Íbúar sem hafa á annað borð flutt úr sveitarfélaginu áður, telja hugsanlega ekki tiltökumál að flytja aftur úr sveitarfélaginu ef væntingum þeirra er ekki mætt. En það er ekki þar með sagt að þeir snúi ekki aftur.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að konur væru ólíklegri til þess að flytja í burtu heldur en karlar. Konur eru því samkvæmt rannsókninni skuldbundnari samfélaginu heldur en karlar. Það er andstætt búferlarannsóknnum þar sem fram hefur komið að konur flytja í meira mæli en karlar (Árni Ragnarsson o.fl., 2017; Vífill Karlsson og Grétar Þór Eypórsson; Vífill Karlsson og Kolfinna Jóhannesdóttir). Hvað er það sem hefur áhrif á að konur eru ólíklegri til að flytja burt úr samfélaginu heldur en karlar og hvað þarf til svo að karlar verði um kyrrt? Þetta kallar á enn frekari rannsóknir til að komast að ástæðunum sem geta legið að baki þessum muni.

7.1 Takmarkanir rannsóknarinnar

Þar sem um hentugleikaúrtak var að ræða er erfitt að segja til um alhæfingargildi rannsóknarinnar sem kallar á frekari rannsóknir. Til þess að geta alhæft með fullri vissu um mun kynjanna hefðu fleiri karlkyns þátttakendur þurft að taka þátt en þetta er algengt vandamál í spurningakönnunum.

Ekki var gert ráð fyrir að fólk ynni í öðru sveitarfélagi en það byggi í og fékk höfundur sendar athugasemdir hvað það varðar. Varð svo úr að engar greiningar voru unnar á spurningunni er varðar tíma eyddum með vinnufélögum utan vinnutíma og kom það því ekki að sök. Einnig voru mismunandi svarmöguleikar fyrir vinnufélaga breytuna og restina af félagsvirkni breytunum vegna þess að það var möguleiki á að þátttakendur væru ekki útvinandi og þar var bætt við svarkostinum „7-11 sinnum á ári“ en honum hafði ekki verið bætt við hjá hinum félagsvirkni breytunum. Það getur hafa orsakað það að hún mældist ekki marktæk.

Ekki er hægt að alhæfa um að einungis tengsl hafi fylgni við skuldbindingu og félagsvirkni. Möguleikar eru fyrir hendi að það orsakist af öðrum þáttum eins og til dæmis persónuleika, fjölda ára í búsetu, stærð vinnustaðar, menningar innan sveitarfélagsins og annarra skipulagsheilda. Ekki tókst að svara með afgerandi hætti að tengsl hafi sterka fylgni við skuldbindingu og félagsvirkni aðfluttra íbúa en aftur á móti eru vísbendingar um að samband sé til staðar. Má því draga þá ályktun að margir möguleikar séu fyrir hendi á frekari rannsóknum á efninu og mikilvægt sé að halda áfram að kanna áhrif tengsla á búsetu til að sporna við áframhaldandi neikvæðri íbúapróun á landsbyggðinni.

7.2 Frekari rannsóknir

Ástæður fyrir því að rannsóknarefnið er svo mikilvægt er vegna þess að landsbyggðin hefur lengi glímt við mikinn fólksflóttu (Axel Hall o.fl., 2002; Árni Ragnarsson o.fl., 2017; Stefán Ólafsson, 1997; Vífill Karlsson og Grétar Þór Eyþórsson, 2009) sem að mati höfundar hefur ekki verið fundin lausn við. Það er því áriðandi að áhrif tengsla á búsetu séu könnuð frekar. Gagnasettið býður upp á frekari úrvinnslumöguleika eins og orðræðugreiningu um ástæður flutnings í sveitarfélagi, ef haldið verður áfram með rannsóknarefnið væri ráð að rýna frekar í svörin sem komu fram við ástæður flutnings í sveitarfélagið. Það gæti verið vísir að því sem myndi koma fram í eigindlegri rannsókn sem væri ráð að framkvæma til að fá dýpri nálgun á efnið. Aðrar tillögur að frekari rannsóknum eru að fá þriðja aðila til að framkvæma ítarlega rannsókn með tilviljunarúrtaki. Höfundur leggur til að tekið verði hvert landssvæði fyrir sig og sveitarfélögin innan svæðisins verði borin saman. Því næst væri hægt að bera saman landssvæðin og athuga hvort tengsl, skuldbinding og félagsvirkni séu mismunandi milli svæða.

Þrátt fyrir að efnið verði rannsakað frekar þá gefur það ekki upp lausn við vandanum. Hvernig á að aðstoða aðflutta íbúa við að mynda tengsl við samfélagið svo að skuldbinding og félagsvirkni aukist innan sveitarfélagsins og ýti undir að íbúarnir kjósi að vera um kyrrt til frambúðar? Finna þarf út hvaða hópur það er sem er hvað skuldbundnastur sveitarfélaginu ásamt því að vera félagsvirkur og hlúa að þeim hópi. Einnig þarf að finna leiðir til að virkja þá sem eru síður skuldbundnir og félagsvirkir og styðja við þá íbúa svo líkurnar minnki á því að þeir íbúar flytji í burtu þegar harðnar á

dalnum. Sveitarfélögin á landsbyggðinni þurfa því að fara í ítarlega greiningarvinnu til að finna nýjar lausnir við íbúafloftanum sem þau hafa glímt við. Þessi rannsókn mun vonandi gefa þeirri vinnu byr undir báða vængi.

Heimildaskrá

- Adams, H. (2016). Why populations persist: mobility, place attachment and climate change. *Population and environment*, 37(4), 429-448. doi:10.1007/s11111-015-0246-3
- Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson. (2002). *Byggðir og búseta: Þéttbýlismyndun á Ísland*. Reykjavík: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Bjerke, L. og Mellander, C. (2016). Moving home again? Never! The locational choices of graduates in Sweden. *Annals of Regional Science*, 59, 1-23. doi:10.1007/s00168-016-0777-2
- Blau, P. M. (1960). A theory of social integration. *American Journal of Sociology*, 65(6), 545-556. doi:10.1086/222785
- Cohn, D'V. og Morin, R. (2008). *American mobility: Who moves? Who stays put? Where's home?* Sótt af <https://pdfs.semanticscholar.org/c36c/f39efd4deec3f298ab4c7eeb8231bcb58b8.pdf>
- Cortina, J. M. (1993). What is coefficient alpha? An examination of theory and applications. *Journal of applied psychology*, 78(1), 98-104. doi:10.1037/0021-9010.78.1.98
- Eva Marín Hlynadóttir. (2016). Leading the locality: Icelandic local government leadership dilemma. *Lex Localis*, 14(4), 807 – 826. doi:10.4335/14.4.807-826
- Field, A. (2016). *Discovering statistics using IBM SPSS statistics* (4 útgáfa). London: Sage Publications.
- Fitz, B., Lyon, L. og Driskell, R. (2016). Why people like where they live: Individual- and community-level contributors to community satisfaction. *Social indicators research*, 126(3), 1209-1224. doi:10.1007/s11205-015-0922-9
- Florida, R. (2014, 22. september). Why people stay where they are. Sótt af <https://www.citylab.com/equity/2014/09/why-people-stay-where-they-are/380583/>
- Florida, R., Mellander, C. og Stolarick, K. (2011). Beautiful places: The role of perceived aesthetic beauty in community satisfaction. *Regional Studies*, 45(1), 33-48. doi:10.1080/00343404.2010.486784

- Granovetter, M. (1983). The strength of weak ties: A network theory revisited. *Sociological Theory*, 1, 201-233. doi:10.2307/202051
- Grétar Þór Eypórsson. (2013). Spurningakannanir: Um orð og orðanotkun, uppbyggingu og framkvæmd. Í Sigríður Halldórsdóttir (ristjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 453-472). Akureyri: Ásprent Stíll ehf.
- Gunnar Helgi Kristinsson (2001). *Staðbundin stjórnmal: Markmið og árangur sveitarfélaga*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jones, G. R. (1986). Socialization tactics, self-efficacy, and newcomers' adjustments to organizations. *Academy of management journal*, 29(2), 262-279. doi:10.2307/256188
- Knight foundation. (2010). *Why people love where they live and why it matters: A national perspective*. Sótt af <http://www.hartfordinfo.org/issues/wsd/neighborhoods/SoulofCommunity.pdf>
- Lowndes, V. (1995). Citizenship and urban politics. Í D. Judge, G. Stoker og H. Wolman (ritstjórar), *Theories of urban politics* (bls. 161-180). London: Sage Publications.
- McMillan, D. W. og Chavis, D. M. (1986). Sense of community: A definition and theory. *Journal of community psychology*, 14(1), 6-23. doi:10.1002/1520-6629
- Mellander, C., Florida, R. og Stolarick, K. (2011). Here to stay—the effects of community satisfaction on the decision to stay. *Spatial Economic Analysis*, 6(1), 5-24. doi:10.1080/17421772.2010.540031
- Porter, L. W., Steers, R. M., Mowday, R. T. og Boulian, P. V. (1974). Organizational commitment, job satisfaction, and turnover among psychiatric technicians. *Journal of applied psychology*, 59(5), 603. doi: 10.1037/h0037335
- Putnam, R. D. (2000). *Bowling alone: the collapse and revival of American community*. New York: Simon & Schuster.
- Ramlagan, S., Peltzer, K. og Phaswana-Mafuya, N. (2013). Social capital and health among older adults in South Africa. *BMC Geriatrics*, 13(1), 100. doi:10.1186/1471-2318-13-100
- Roback, J. (1982). Wages, rents, and the quality of Life. *Journal of Political Economy*, 90(6), 1257-1278. doi: 10.1086/261120
- Stefán Ólafsson. (1997). *Búseta á Íslandi: Rannsókn á orsökum búferlaflutninga*. Reykjavík: Bygðastofnun.
- Vífill Karlsson og Grétar Þór Eypórsson (2009). Búsetuskilyrði á Íslandi: Hverju sækist fólk eftir? Í Halldór Sig. Guðmundsson og Silja Bára Ómarsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XI* (bls. 235-242). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/7614>

Vífill Karlsson og Kolfinna Jóhannesdóttir. (2010). Búferlaflutningar kvenna. Í Ingjaldur Hannibalsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum XI* (bls. 235-242). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/6814>

Viðauki – Spurningalisti

Hver ert kyn þitt?

1. Karl
2. Kona

Hvert er fæðingarár þitt?

Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið?

1. Grunnskólapróf
2. Framhaldsskólapróf
3. Iðnmenntun
4. Háskólapróf á grunnstigi
5. Háskólapróf á framhaldsstigi

Hver er staða þín á vinnumarkaði?

1. Útivistinnandi (fullt starf)
2. Útivistinnandi (hlutastarf)
3. Atvinnulaus
4. Heimavinnandi
5. Nemi
6. Eftirlaunaþegi
7. Annað

Hver er hjúskapastaða þín?

1. Einhleyp/ur
2. Í föstu sambandi
3. í Sambúð
4. Gift/ur

Hve margir undir 18 ára búa á heimilinu?

Hvort býrð þú á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni?

1. Höfuðborgarsvæði
2. Landbyggð

(Spurning fyrir þá sem búa á höfuðborgarsvæðinu) Hefur þú alltaf búið á höfuðborgarsvæðinu?

1. Já
2. Nei

(Spurning fyrir þá sem búa á höfuðborgarsvæðinu og hafa ekki alltaf átt heima á höfuðborgarsvæðinu) Í hvaða sveitarfélagi býrð þú?

1. Reykjavík
2. Kópavogur
3. Seltjarnarnes
4. Garðabær
5. Hafnarfjörður
6. Mosfellsbær
7. Kjósarhreppur

(Spurning fyrir þá sem búa á höfuðborgarsvæðinu) Hefur þú alltaf búið í sveitarfélaginu?

1. Já
2. Nei

(Spurning fyrir þá sem búa á landsbyggðinni) Í hvaða sveitarfélagi býrð þú?

1. Reykjanesbær
2. Grindavíkurbær
3. Sandgerðisbær
4. Sveitarfélagið Garður
5. Sveitarfélagið Vogar
6. Akraneskaupstaður
7. Skorradalshreppur

8. Hvalfjarðarsveit
9. Borgarbyggð
10. Grundarfjarðarbær
11. Helgafellssveit
12. Stykkishólmsbær
13. Eyja- og Miklaholtshreppur
14. Snæfellsbær
15. Dalabyggð
16. Bolungarvíkurkaupstaður
17. Ísafjarðarbær
18. Reykhólahreppur
19. Tálknafjarðarhreppur
20. Vesturbyggð
21. Súðavíkurhreppur
22. Árneshreppur
23. Kaldrananeshreppur
24. Strandabyggð
25. Sveitarfélagið Skagafjörður
26. Húnaþing vestra
27. Blönduósibær
28. Sveitarfélagið Skagaströnd
29. Skagabyggð
30. Húnavatnshreppur
31. Akrahreppur
32. Akureyrarkaupstaður
33. Norðurþing
34. Fjallabyggð
35. Dalvíkurbyggð
36. Eyjafjarðarsveit
37. Hörgársveit
38. Svalbarðsstrandarhreppur
39. Grýtubakkahreppur

40. Skútustaðahreppur
41. Tjörneshreppur
42. Þingeyjarsveit
43. Svalbarðshreppur
44. Langanesbyggð
45. Seyðisfjarðarkaupstaður
46. Fjarðabyggð
47. Vopnafjarðarhreppur
48. Fljótshreppur
49. Borgarfjarðarhreppur
50. Breiðdalshreppur
51. Djúpavogshreppur
52. Fljótshérað
53. Sveitarfélagið Hornafjörður
54. Vestmannaeyjabær
55. Sveitarfélagið Árborg
56. Mýrdalshreppur
57. Skaftárhreppur
58. Ásahreppur
59. Rangárþing eystra
60. Rangárþing ytra
61. Hrunamannahreppur
62. Hveragerðisbær
63. Sveitarfélagið Ölfus
64. Grímsnes- og Grafningshreppur
65. Skeiða- og Gnúpverjahreppur
66. Bláskógabyggð
67. Flóahreppur

(Spurning fyrir þá sem búa á landbyggðinni) Hefur þú alltaf búið í sveitarfélaginu?

1. Já
2. Nei

Hvaða ár hefst núverandi búseta þín í sveitarfélaginu?

Hafðir þú einhvern tíma búið í sveitarfélaginu áður en núverandi búseta þín hófst?

1. Já
2. Nei

(Ef já) Á hvaða tímabili eða tímabilum?

Hverjar voru helstu ástæður þess að þú fluttir í sveitarfélagið?

Áttir þú fjölskyldu og/eða vini í sveitarfélaginu áður en þú fluttir í sveitarfélagið?

1. Já fjölskyldu
2. Já vini
3. Já fjölskyldu og vini
4. Nei

Áttir maki þinn fjölskyldu og/eða vini í sveitarfélaginu áður en þú fluttir í sveitarfélagið?

1. Já fjölskyldu
2. Já vini
3. Já fjölskyldu og vini

Hversu ólíklegt eða líklegt er að þú munir flytja úr sveitarfélaginu á næstu tveimur árum?

1. Mjög ólíklegt
2. Ólíklegt
3. Frekar ólíklegt
4. Hvorki ólíklegt né líklegt
5. Frekar líklegt
6. Líklegt
7. Mjög líklegt

Hversu ósammála eða sammála ertu eftirfarandi fullyrðingum:

Ég myndi segja fólki að sveitarfélagið sem ég bý í sé frábær staður til að búa í

1. Mjög ósammála
2. Ósammála
3. Frekar ósammála
4. Hvorki ósammála né sammála
5. Frekar sammála
6. Sammála
7. Mjög sammála

Ég ber mikla hollustu til sveitarfélagsins sem ég bý í

1. Mjög ósammála
2. Ósammála
3. Frekar ósammála
4. Hvorki ósammála né sammála
5. Frekar sammála
6. Sammála
7. Mjög sammála

Ég myndi hér um bil taka hvaða vinnu sem er til þess að geta búið í sveitarfélaginu áfram

1. Mjög ósammála
2. Ósammála
3. Frekar ósammála
4. Hvorki ósammála né sammála
5. Frekar sammála
6. Sammála
7. Mjög sammála

Ég er stolt/ur af því að búa í sveitarfélaginu

1. Mjög ósammála
2. Ósammála

3. Frekar ósammála
4. Hvorki ósammála né sammála
5. Frekar sammála
6. Sammála
7. Mjög sammála

Það þyrfti mikið til, til að ég myndi flytja burt úr sveitarfélaginu

1. Mjög ósammála
2. Ósammála
3. Frekar ósammála
4. Hvorki ósammála né sammála
5. Frekar sammála
6. Sammála
7. Mjög sammála

Ég er ánægð/ur með að ég ákvað að flytja í þetta sveitarfélag

1. Mjög ósammála
2. Ósammála
3. Frekar ósammála
4. Hvorki ósammála né sammála
5. Frekar sammála
6. Sammála
7. Mjög sammála

Ég tel mig hafa mikinn ávinning af því að búa í sveitarfélaginu til framtíðar

1. Mjög ósammála
2. Ósammála
3. Frekar ósammála
4. Hvorki ósammála né sammála
5. Frekar sammála
6. Sammála
7. Mjög sammála

Í mínum huga er þetta besta sveitarfélagið til að búa í

1. Mjög ósammála
2. Ósammála
3. Frekar ósammála
4. Hvorki ósammála né sammála
5. Frekar sammála
6. Sammála
7. Mjög sammála

Hve oft síðastliðna 12 mánuði hefur þú:

Tekið þátt í verkefnum í þínu sveitarfélagi með það að markmiði að laga eða bæta eitthvað?

1. Aldrei
2. Einu sinni til tvisvar sinnum
3. Þrisvar til sex sinnum
4. Mánaðarlega
5. Tvisvar til þrisvar sinnum í mánuði
6. Vikulega
7. Tvisvar til sex sinnum í viku
8. Daglega

Sótt fundi þar sem rætt var um málefni sveitarfélagsins til dæmis skólamál, skipulagsmál eða samgöngur?

1. Aldrei
2. Einu sinni til tvisvar sinnum
3. Þrisvar til sex sinnum
4. Mánaðarlega
5. Tvisvar til þrisvar sinnum í mánuði
6. Vikulega
7. Tvisvar til sex sinnum í viku
8. Daglega

Sótt fundi á vegum hópa, verkalyðsfélaga, félagasamtaka eða aðra formlega fundi í sveitarfélaginu?

1. Aldrei
2. Einu sinni til tvisvar sinnum
3. Þrisvar til sex sinnum
4. Mánaðarlega
5. Tvisvar til þrisvar sinnum í mánuði
6. Vikulega
7. Tvisvar til sex sinnum í viku
8. Daglega

Hve oft síðastliðna 12 mánuði hefur þú:

Farið í heimsókn til vina eða ættingja innan sveitarfélagsins?

1. Aldrei
2. Einu sinni til tvisvar sinnum
3. Þrisvar til sex sinnum
4. Mánaðarlega
5. Tvisvar til þrisvar sinnum í mánuði
6. Vikulega
7. Tvisvar til sex sinnum í viku
8. Daglega

Fengið vini eða ættingja úr sveitarfélaginu í heimsókn?

1. Aldrei
2. Einu sinni til tvisvar sinnum
3. Þrisvar til sex sinnum
4. Mánaðarlega
5. Tvisvar til þrisvar sinnum í mánuði
6. Vikulega
7. Tvisvar til sex sinnum í viku
8. Daglega

Sótt samkomur eða viðburði innan sveitarfélagsins?

1. Aldrei
2. Einu sinni til tvisvar sinnum
3. Þrisvar til sex sinnum
4. Mánaðarlega
5. Tvisvar til þrisvar sinnum í mánuði
6. Vikulega
7. Tvisvar til sex sinnum í viku
8. Daglega

Eytt tíma með vinnufélögum utan vinnutíma?

1. Aldrei
2. Einu sinni til tvisvar sinnum
3. Þrisvar til sex sinnum
4. sjö til ellefu sinnum
5. Mánaðarlega
6. Tvisvar til þrisvar sinnum í mánuði
7. Vikulega
8. Tvisvar til sex sinnum í viku
9. Daglega
10. Er ekki á útivinnand

